

## Tillaga til 423. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 4. október 2018

Tillaga 505. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar frá 26. september sl., um að framkvæmdaleyfi verði gefið út vegna skurðar sunnan Grímsvatns, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja og samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010

### 2. **Aðrennslissvæði Mjólkárviðrunar - Umsókn um framkvæmdaleyfi - 2018060003**

Eftirfarandi erindi var áður á dagskrá skipulags- og mannvirkjanefndar á fundi nr. 501.

Gunnar Páll Eydal, sækir um framkvæmdaleyfi f.h. Orkubús Vestfjarða, vegna skurðar sunnan Grímsvatns og þar með veita vatni í Borgarhvilftarlæk. Gert er ráð fyrir 400 metra löngum og 7-8 metra djúpum yfirfallsskurði sunnan Grímsvatns, skurðurinn verður styttri, grynri og talsvert mjórri en heimilt er skv. deiliskipulagi svæðisins. Einungis er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir umræddum skurði, frekari framkvæmdir bíða þar til rannsóknum á lífríki er lokið. Fylgigögn með umsókn eru erindisbéf dags. 6. júní, deiliskipulagsuppráttur dags. 21.04.2017, bréf frá Fiskistofu dags. 24. maí 2018.

Lögð eru fram viðbótargögn í samræmi við bókun fundar nr. 501 þ.e. minnisblað frá Hafrannsóknarstofnun dags. 20.sept. 2018 og bréf frá Fiskistofu dags. 25. september.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis vegna skurðar sunnan Grímsvatns, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja og samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010*